

„The Peter Thiel test on Telemakkus“

Prófið er byggt á kenningum og skoðunum sem fram koma í bókinni Zero to One. Böðvar Bjarki Pétursson tekur prófið, maí 2016

Sannindi sem þú veist, en afar fáir eru sammála þér um

„Skólarnir eiga eftir að verða í framlínu samfélagsins með atvinnulífið og stjórn málin í þjónustu sinni.“ Það virðist enginn gera sér almennilega grein fyrir þeirri augljósu staðreynd, að atvinnulífið mun ekki hafa neina getu, og hefur heldur enga þörf fyrir allt það vinnuafli sem væntanlegt er út á hinn svokallaða vinnumarkað á næstu árum og áratugum. (Og hér er hugsað á heimsvísu, það er enginn munur á vinnuafli í Uganda eða Bandaríkjunum. Í öllum tilfellum snýst atvinnuþátttaka um einstaklinga sem reyna að koma sér inn í kerfi til að tryggja sér lífsviðurværi.) Hagvöxtur framtíðarinnar verður áfram drifinn af tækni, tízku og neyslu, en það er enginn þörf fyrir allar þessar nýju hendur inn í atvinnukerfin til að auka hagvöxtinn. Það er auðvitað einstakt tækifæri í mannkynssögunni að sífellt fleiri geti losnað við að vinna. Stjórnámálmenn berjast hins vegar gegn þessari þróun og boða ný störf sem hið eilífa markmið. Stóra verkefnið er hvað á að láta allt þetta fólk gera sem kemst ekki inn í hefðbundnu atvinnukerfin og hvernig eigum við að koma til þess tekjum svo það geti orðið aktívir neytendur og drifið áfram hagkerfið. Svárið er: Skólarnir verða að fara í framlínu samfélagsins (globaly) og taka við öllum þeim sem komast ekki inn í atvinnukerfin eða vilja yfirgefa þau. Við verðum að snúa algjörlega við hagkerfi skólanna, þannig að nemendur fá laun fyrir að vera í námi í stað þess að þeir greiði fyrir það. Skólinn er einnig ábyrgur fyrir að standa við bakið á nemanda, kjósi hann að fara ekki í nýtt nám. Kostnaður við þetta er ekki eins hár eins og ætla mætti í fyrstu, því allt fyrirbyggjandi samþykkt opinbert fjármagn rynni inn í kerfið, nema nú rennur það til nemenda en ekki beint til skóla. Nemendur geta síðan valið sjálfir hvaða skóla þeir fara í og greiða fyrir skólagjöld (með fjármagni sem þeir fá í hendur). Viðbótarfjármögnun yrði að leggjast sem skattheimta á atvinnulífið, sem fengi á móti margfalt betri þjónustu í framleiðslu á hágæðastarismönnum. Við það að skólarnir og með þeim þekkingin verði sterkasta aflið í þjóðfélaginu þá erum við á réttari leið. Það eru hins vegar afar fáir í samfélaginu í dag sem trúu því að skólarnir muni taka forystuna í þjóðfélögum á alheimsvísu, að skólarnir nái meiri völdum til áhrifa en samfélagsmiðlar, leitarvélafyrirtæki og framleiðendur tækniþjóna, fjármálakerfi, stjórn málmál, skemmtanaíðnaður, ferðamannaíðnaður og orkuíðnaður. En það liggur í spilunum að menntafyrirtæki eiga eftir að ná alvöru valdastöðu í samfélögum framtíðarinnar.

Hvaða verðmæta fyrirtæki er enginn að búa til

Það er enginn að búa til fjarkennsluháskóla sem nýtir sér til fullnustu þá möguleika sem rafrænt nám hefur fram yfir kampusnám. Það virðast fáir gera sér grein fyrir því að hin nýju „global“ fyrirtæki, Google, Facebook, Twitter, eru fyrst og fremst félagsmiðstöðvar, en þau plægja akurinn í að þróa samskipti og samfélög á netinu. Framundan eru ný samfélög sem munu nýta sér þessa eiginleika og ganga miklu lengra í að búa til þroskaðar einingar. Skólarnir eru réttu aðilarnir til að taka næstir við keflinu, því netið beinlínis kallar á að það sé notað með markvissari hætti sem kennslumiðill. En það er enginn með raunverulega getu að búa til fjarskólafyrirtæki. Hér ætlar Telemakkus að bæta úr.

Þú verður að vera 10x betri en hugsanlegur keppinautur

Það er ekki mjög flókið, sé nægilegt fjármagn til staðar, að búa til „on line“ námsbrautir í heimsspeki og stærðfræði sem verði 10 x betra en þær sem fyrir eru, það einfaldlega fullyrði ég. Vandinn hefst eftir 2-5 ár þegar hugsanlegir keppinautar átta sig á formúlunni, að það þurfi að leggja miklu meira í framleiðslu kennsluefnis. Í framhaldinu munu stíga fram ákveðnir aðilar sem skilja viðskiptatækifærið og sækjast eftir stöðunni á toppnum sem langstærsti netháskóli heims. Eina sem Telemakkus getur gert er að vera alltaf 10

skrefum á undan í þróun, nýjungum og framleiðslu nýrra námsleiða. Það verður að hlaupa mjög hratt fyrstu 50 árin, en síðan er stefnt á yfirburðarstöðu og einokun í sölu á háskólamenntun á neti í heiminum.

Þú verður að koma fyrirtæki þínu í einokunarstöðu

KVÍ er eini skólinn á Íslandi með samning við ríkið um faglega kvikmyndakennslu á háskólastigi. Aðrir skólar sækjast eftir sambærilegum samningi en fá neitun. Ríkið hefur ákveðið að fela KVÍ kvikmyndasérnáms til framtíðar og ekki semja við aðra um samkeppnisnáms. KVÍ hefur jafnframt áralanga reynslu framyfir aðra í að þróa og starfrækja gæðakvikmyndanáms. Það ásamt ríkissamningi setur skólann í einokunarstöðu. Sambærilegri stöðu er ætlunin að koma hjá UFS í Kampala. UFS á erfiðar uppdráttar enda mjög mikil samkeppni í alþjóðlegu kvikmyndanámsi. – Hvað Einkaveg varðar þá er það svo sérstæð og sérhæfð skólahugmynd, að með því að vanda okkur þá öðlumst við skýra einokunarstöðu. Hvað varðar TmakkUN þá munu auðvitað koma tilraunir til eftirlíkinga en það þarf mikið að þær nái slagkrafti þegar skólinn verður kominn á flug. Það sem mun tryggja einokunarstöðu þessa flottasta og mest „cool“ netháskóla heimsins er framboðið. Til þess að stinga alla aðra af þurfum við æðisgengin uppbyggingahraða. Á næstu 10 – 50 árum þarf skólinn að bjóða upp á 800 – 1200 námsleiðir á öllum skólastigum grunnnám, meistaranám, doctorsnám. Þetta þýðir mjög margbrotinn feril þróunarstarfs, framleiðslu, sölustarfs þar sem stöðugt eru boðnar fram nýjar vörur. Takist vel til við að reka stöðuga nýframleiðslu, árum og áratugum saman þá á einokunarstaða að vera trygg til langrar framtíðar.

Þú verður að eiga lokaleikinn

Þegar Telemakkus háskóli verður 500 ára árið 2503, þá mun hann ekki þykja neitt sérstaklega gamall í samfélagi elstu háskóla heimsins. Af þessum sökum getur verið erfitt að staðsetja endaleikinn. Matið er að ef miðað er við tímann út öldina, þá er sjálfsögð krafa að reyna að ná og halda 80% hlut í sölu á háskólamenntun á neti. Til lengri tíma eins og 500 ára þá er óeðlilegt annað en að orðin verði til 10 - 50 gæðaháskólar á einhverskonar neti. Tmakk mun þá finna sér sérhæfingarhilla til að ná einokunarstöðu á.

Þú verður að ná einokun á litlum markaði og síðan ráðast hratt á stóra markaðinn

Ísland er einstakt prófunarsamfélag, agnarlítið en þroskað og kröfuhart neytendaumhverfi á vestrænan mælikvarða. Takist félagi að koma sér upp einokunarstöðu þar, eru miklar líkur á að varan muni virka á stærri mörkuðum. Sýnt hefur verið fram á getu til að ná þannig stöðu með starfsemi Kvikmyndaskóla Íslands á Íslandi.

Þú verður að vera skipulega bjartsýnn

Það er auðvelt að vera bjartsýnn þegar við áttum okkur á þeim hraða sem við erum á í að auka lífsgæði í heiminum. Sífelld stærri hópur jarðarbúa færir yfir á svæði þar sem æðsta markmiðið er einstaklingsþroski. Til viðbótar við þá byltingakenndu þróun sem er framundan í tölvuiðnaðinum þá er auðvelt að trúá að næstu 100 árin verði þau mikilvægustu í sögu mannkynsins. Við okkur blasir stórkostlegt verkefni og ef við stöndum okkur vel, verður uppskeran góð fyrir mannkyn allt.

Þú verður að hanna stórkostlegt fyrirtæki

Skilgreining okkar á því hvernig Telemakkus er stórkostlegt fyrirtæki í 10 liðum.

Telemakkus er stórkostlegt fyrirtæki af því að:

1. Það gjörbreytir aðgengi jarðarbúa að háskólamenntun og skapar milljónum ný tækifæri.
2. Það gerir nám skemmtilegt og finnur þá kennsluáferð sem hentar hverjum og einum best.
3. Það tryggir gæðin með vottunum bæði frá virtum háskólum og opinberum aðilum auk kerfisbundinna innri og ytri úttekta.

4. Diploma eða gráða frá Telemakkusi stendur fyrir raunverulega þekkingu og hæfni sem nýtist til að ná árangri (frægð & frama)
5. Nemandi útskrifaður frá Telemakkusi fær ævilangan stuðning frá skólanum.
6. Það eykur sjálfstraust og getu mannkynsins
7. Það er svo stórt, breitt, djúpt og hátt en samt svo skemmtilegt, þægilegt og einfalt.
8. Hönnun er fyrsta flokks, „cool“ en klassísk um leið.
9. Það gefur Steve Jobs tækifæri til að spyrja Aristoteles.
10. Að baki liggur einföld hugmynd

Þú verður að vera „the Power in the Power law“

Það er tækifæri til að ná fóstfestu í „on-line“ háskólaíðnaðinum. Þúsundir hafa séð tækifærið. Hundruðir hafa reynt meðal annars mjög sterkir aðilar, ýmsir eru að baksa. Allir vita að þetta mun koma en enginn hefur komist í gegn. Það er hinsvegar alveg pláss fyrir nokkur menntafyrirtæki í netheiminum við hlið samfélagsmiðla. Enginn netháskóli er nálægt því í þeirri stöðu í dag. Enginn er að gera þetta rétt.

Hér er greinilega þörf fyrir fyrirtæki sem getur verið „the power in the power law“

Telemakkus ætlar að verða þetta fyrirtæki. Það eru fjórir þættir sem styðja þá fullyrðingu.

(Aðalatriðið er að Tmakk heldur á rekstrarlegu leyndarmáli. Nánar um það í næsta kafla.)

1. Stjórnendur Telemakkusar kunna að byggja upp flókinn skóla frá grunni. Þeir hafa djúpstæða þekkingu á námskrárgerð, kennslu og skólahaldi. Þeir skilja taktinn, með inntöku og útskrift ár eftir ár, þar sem bæði er hugsað um smæstu og stærstu einingar í tíma. Kunna bæði einfaldar og mjög flóknar sölur. (Hér er ekki verið að halda því fram að enginn skólamaður hafi reynt fyrir sér áður í fjarskólaíðnaðinum. Svo er ekki. Hins vegar er alveg nauðsynlegt að taka það fram í upphafi að hópurinn sem stýrir og starfar hjá Telemakkusi kann til verka. Það er forsenda númer 1 ef það á að takast að virkja aflíð í „Power law“)

2. Kerfið er þrauthugsað. Skólastefnan er róttæk án þess þó að vera umdeild. Allt snýst um að bjóða upp á, og auka stöðugt, gæði í afhendingu á námsdiplomum, samhliða því að einfalda allan rekstur og ferla. Það hefur líka verið prófað. Næsta skref er að nýta miðlunarþekkingu okkar til að bjóða diplomur á neti. Við höfum stúderað gryfjurnar og hannað verkfærin (skólana) og sækjum fram af miklu sjálfsöryggi.

3. Auk þess höfum við sérstöðu (secret)

Þú verður að hafa „secret“ sem enginn annar hefur

Stjórnendur Telemakkusar eru kvikmyndagerðarmenn og skólaþekking þeirra er kominn úr uppbyggingu kvikmyndaskóla - listaskóla. Sérþekking þeirra er myndmál og viðtökufraeði. – Við vitum að ástæðan fyrir því að fjarnámið kemst ekki í framlínu, er af því það er svo leiðinlegt. Þetta snýst ekki um kennsluferfi eins og allir eru fastir í, heldur um alveg nýja tegund miðlunar, framsetningar á kennslu og menntunarferla. Með því að nýta þekkingu okkar á kvikmyndagerð, bæði aðferðarfræðilega og faglega þá erum við vitum við að við getum sett efnið í betri og áhrifaríkari búning en gert hefur verið, þannig að það geti orðið spennandi að læra. Þekkjandi vel til kvikmyndaskóla heimsins þá eru fáir þeirra að hugsa í þessa átt, þeirra fókus er meira á listir og afþreyingu. En kvikmyndagerðin og þekking á rekstri kvikmyndaskóla, sem má yfirfæra á aðra skóla, er okkar „secret“

Þú verður að hafa trausta uppbyggingu á fyrirtækinu

Telemakkur er fjölskyldufyrirtæki sem stofnað var 2003 og fókusinn fram til þessa hefur verið á uppbyggingu og rekstur Kvikmyndaskóla Íslands. Allir fjölskyldumeðlimir sem komnir eru af barnsaldri eru tengdir eða starfandi hjá félaginu. Aðaleigendur eru 55 ára gömul hjón (80%) og tvær dætur þeira um þrítugt (20%). Eignaskipting og stjórnarsýsluskipulag er skýrt (sjá stjórnskipulag á heimasíðu). Félagið er mjög frumkvöðladrifið og bbp stofnandi, og annar aðaleigandi er allt í öllu í þróun og daglegum rekstri Tmakk. Styrkur félagsins er að strúktúr þess hefur verið mótaður á löngum tíma, því hefur verið sett skýr framtíðarsýn og stofnandi þess er tilbúinn að stýra næstu 20 árum í uppbyggingu þess. Næstu skref í traustri uppbyggingu eru að fá nýja hluthafa með hlutafé, inn í fyrirtækið til veita því það fjárhagsafl sem nauðsynlegt er til frekari athafna.

Þú verður að selja og hafa öflugt sölukerfi

Hér verður að hafa í huga að tekjur skólanna koma úr tveimur áttum, annars vegar beint frá nemendum og hins vegar úr sjóðum (oft opinberum). Hér er um gjörólíkar sölur að ræða. Önnur snýst um að auglýsa, t.d. á Facebook, taka við umsóknum og setja í gang inntökuferli. Álitafni eru auglýsingaherferðir og kynningarefni. Í hinu tilfallinu er um að ræða viðræður við opinbera stjórnarsýslu og fulltrúa ýmissa samtaka um þátttöku rekstri skólans, yfirleitt um að greiða eða niðurgreiða skólagjöld fyrir ákveðinn fjölda nemenda. Þessar sölur taka nokkra mánuði og oft mörg ár en þær eru mjög mikilvægar því þær tryggja rekstur til langrar framtíðar. Álitafnið hér er fyrst og fremst traust. Menntamál eru hægfara málaflokkur og grunnkerfi hafa lítið breyst í áratugi. Í flestum ríkjum þá er háskólaskólakerfið samofið þjóðfélögum með margvíslegum hætti. Á móti kemur að það er mikil þörf fyrir nýtt vandað og ódýrara háskólanám. Ætla má að til að byrja með geti söluferrill tekið 3 – 5 ár. Þegar fullt traust verður komið, kannski 6 mánuði.

Framtíðarkerfið verður síðan að fjármunir renna frá sjóðunum (ríkissjóðir eða aðrir menntasjóðir) beint til nemenda og þeir útteila þeim til skólanna í formi skólagjalda. Í því kerfi er eingöngu um að ræða beina sölu til nemenda sem er mikill léttir. Nemandinn er hinn raunverulegi viðskiptavinur og erfitt að þurfa stöðugt að vera tala við milliliði vegna hagsmuna hans. Það eru þó líklega ár eða áratugir þar til þetta kerfi kemst á.

Rétta sölukerfið í skólum er að halda úti hágæðaskólastarfsemi sem skilar nemendum sínum árangri. Það gefur skólanum orðspor sem verður til þess að umsækjendur laðast sjálfkrafa að. Það er ekki þar með sagt að ekki megi líka keyra aggressífar auglýsinga herferðir til að koma námi í umferð. En markmiðið er alltaf að nemendur streymi að vegna orðspors. Stóra málið er að hafa söludeildina opna 365 daga ársins og vera alltaf að fiska.

Þú verður að trúá því að framundan sé „takeoff“ hjá mannkyninu

Við trúum því að framundan sé lærdómsöldin og með henni komi ný endurreisn mannsandans. Endurreisnin er byggð á nýrri heimsýn, nýrri tækni sem gefur okkur kleift að fanga alla þekkingu og menntun mannkynsins í fortíð og nútíð. Áhrif hennar verða betra, skemmtilegra og merkingarbærara líf fyrir einstaklingana að lifa og traustari samfélög að búa í. Sé lítið á jákvæðu merkin í búskap mannkynsins þá er auðvelt að trúá því að framundan séu stórkostlegir tímar.